



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Leikskólinn Jöklaborg

2025– 2026



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.





1 Contents

2	Greinargerð leikskólastjóra	4
3	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025	5
4	Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026.....	8
5	Innra mat Hlíðar 2024-2025 (Hver deild tekur saman styrkleika og tækifæri byggt á umbótaáætlun síðasta árs).....	12
6	Innra mat Kots 2024-2025 (Hver deild tekur saman styrkleika og tækifæri byggt á umbótaáætlun síðasta árs).....	13
7	Innra mat Sels 2024-2025.....	14
8	Innra mat Hallar 2024-2025 (Hver deild tekur saman styrkleika og tækifæri byggt á umbótaáætlun síðasta árs).....	15
9	Innra mat Bóls 2024-2025 (Hver deild tekur saman styrkleika og tækifæri byggt á umbótaáætlun síðasta árs).....	16
10	Umbótaáætlun 2024-2025 (takið afrit af töflunni fyrir hvern umbótapátt)	17
11	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótapáttum leikskólans.	21
12	Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva stutt um hvernig samstarfi er háttað annars vísað í skólanámskrá leikskólans.....	21
13	Foreldrasamvinna.....	22
14	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	23
15	Fylgiskjöl	23





2 Greinargerð leikskólastjóra

Við sjáum strax fram á að við verðum ekki fullmönnuð í haust 2025 og vonum að auglýsingar beri mikinn árangur eftir sumarlokun.

Haustið 2024 fór vel af stað en fljótt fór að halla undan fæti og við sigldum í manneklu vegna langtímaveikinda. Álagið sem þá varð gerði það að verkum að skammtímaveikindi jukust einnig. Fáliðunaráætlun var því miður virkjuð og var það fyrirsjáanlegt á tímabili að það yrði í nokkurn tíma. Við funduðum því með foreldraráði og lögðum til nokkrar tillögur að því hvernig við gætum unnið þetta. Niðurstaðan var að það var lokað í 8 vikur á hverjum föstudegi klukkan 12. Við náðum þó að hafa opið fyrir starfsmannabörn leikskóla Reykjavíkurborgar svo þetta hafði ekki keðjuverkandi áhrif á aðra leikskóla. Við þetta varð allt fyrirsjáanlegra fyrir bæði foreldra og starfsfólk. Starfið varð markvissara og starfsmenn færðu allar sínar styttingar yfir á föstudagana og lengdi hina fjóra dagana. Þegar fáliðunaráætluninni var aflétt og vinnutími starfsmanna fór í fyrri skorður þá urðu dagarnir mjög tæpt mannaðir eftir hádegi. Samhentur hópur starfsólks lagði á sig mikla vinnu í manneklu og veikindum. Það hefur þrátt fyrir það sett sitt mark á hópinn og ætlum við að horfa fram í næsta vetur full jákvæðni og vona að við glímum ekki við það vandamál einn veturinn enn.

Að vori var ákveðið að prófa að sleppa styttingum og allir starfsmenn unnu 36 stunda vinnuviku og með jafna viðveru hvern dag eða 7 klukkustundir og 12 mínútur. Þetta gafst vel og ákveðið að endurskoða þetta að hausti 2025.

Áherslur í skólanum skólaárið 2025-2026 verða læsi, sköpun og innleiðing Barnasáttmálans. Vinna er hafin við að samstilla hvaða lög eru sungin í leikskólanum og endurvekja lög og þulur sem hefð var fyrir að synga. Í haust er stefnt að því að endurnýja söngmöppur deildanna og yfirfara innihald.

Leikskólar í Breiðholti hafa ráðið talmeinafræðing sameiginlega. Talmeinafræðingurinn mun deilast á leikskólana og vera ráðgefandi varðandi málörvun og talþjálfun þar sem það á við.

Við höfum ákveðið að ráða listasmiðjustjóra frá 1. september. Það er liður í skipulagningu að því að vinna í anda Reggio Emilia sem hófst síðasta ár. Það er starfsmaður í húsinu sem hefur verið ráðin í það starf. En hann hefur mikinn áhuga á þeirri stöðu og mun tilheyra deildum þá daga sem þau eiga sal og listasmiðu. Gert er ráð fyrir að þann dag fari deildarstjóri í undirbúning.

Stefnt er að því að hefa formlega vinnu við innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Innleiðingarferli sem lýkur árið 2027. Aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjóri elstu barnanna sem byrjar næsta haust ætla að halda utan um það verkefni.

Um leið og við leggjum áherslu á læsi, sköpun og Barnasáttmálann þá færumst við nær þeirri vinnu í anda Reggio Emilia sem við stefnum á að fræðast sífellt betur um.

Við söknuðum þess að hafa ekki fengið til okkar nema frá Háskóla Íslands sem eru að nema leikskólakennarafræðin.

Tveir starfsmenn stefna á nám næsta vetur annar ætlar að bæta við sig meistara réttindum og hinn ætlar í leikskólakennarafræði. Vonandi hefur það smitandi áhrif inn í starfsmannahópinn sem er fullur af hæfileikaríku fólki sem gott og gaman væri að myndi bæta við sig námi í leikskólakennarafræðum. Starfsmenn fóru í námsferð til Brighton á Englandi. Fengum námskeið í Numicon og framhald á því í febrúar 2025. Þar fengum við námskeið í Storytelling og skapandi starfi.

Fyrirlestrar Guðrúnar Öldu Harðardóttur á rafrænu formi varðandi leikinn fengu starfsmenn á starfsdögum og nýtti til endurgerðar kafla um leikinn í nýrri námskrá leikskólans sem áætlað er að lýti dagsins ljós vor/haust 2026.





Blær, vináttuverkefni Barnaheilla hefur verið haldið við og fræðsluefnið vel nýtt. Lubba verkefni hefur einnig gengið vel. Orðaforðaspjöld sem búin voru til í haust 2024 hafa nýst eiinstaklega vel.

Við finnum faglegan byr og starfsmannahópin vaxa í verkefnum sínum. Hljóm-2 prófin hafa sýnt framfarir og áfram höldum við ótrauð. Við finnum þar sem og í öllu starfinu að samstarfið er gott við foreldrahópinn sem er nauðsynlegt því einhverstaðar segir jú að það þurfi heilt þorp til að ala upp barn. Við þökkum foreldrum og Suðurmiðstöð fyrir gott samstarf.

Foreldrahandbók starfsmannahandbók

Aukin áhersla á mati með börnum

3 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025

Innra mat fer fram reglulega yfir allt skólaárið. Það er gert á deildarfundum stjórnendafundum og á starfsmannafundum og með börnunum í smærri hópum og einstakingslega. Farið er eftir starfsáætlun síðasta árs.

Hvað var metið?	Málörvun og læsi
Hvernig fór matið fram?	Á stjórnendafundum, deildarfundum og starfsmannafundum.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Allir starfsmenn
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Vel gekk að halda uppi vinnu með „Lubbi finnur málbein“ og stefnt er að því að halda ótrauð áfram næsta vetur. Söngur. Stefnt er að því að samræma betur hvaða lög eru sungin, samræma söngmöppur og ákveða lög sem öll börnin læra og eru sungin í Vinastund í sal. Taka aftur upp þulu mánaðarins. Mikið er lesið á öllum deildum og þátttaka foreldra tókst afar vel í tengslum við lubbabeinin sem fóru heima og foreldrar skrifuðu á hvaða bækur voru lesnar heima. Leggja meiri áherslu á að bjóða börnunum að koma fram fyrir hóp og segja frá eða syngja lag. Byrja strax á yngstu deildum að leggja inn þætti sem æfa hljóðkerfisvitund. Alltaf má gera betur í að spjalla við börnin í öllum aðstæðum og leggja orð á hluti að athafnir. Einnig var ákveðið að halda





	áfram að hafa merkingar og letur sýnilegt á veggjum leikskólans.
--	--

Hvað var metið?	Félagsfærni
Hvernig fór matið fram?	Á stjórnendafundum, deildarfundum og starfsmannafundum.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Allir starfsmenn
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Að mikilvægt sé að leggja mikla áherslu á félagsfærni þar sem hún sé afar mikilvægur þáttur í velferð barnanna. Starfsfólk er tilbúið að bæta við þáttum sem geta stuðlað að betri félagsfærni. Það var ákveðið að hefja markvissa vinnu með Blæ til að freista þess að auka samkennd meðal barnanna og bæta færni þeirra í að setja sig í spor annarra. Til að meta árangur var ákveðið að auka skráningu á ýmsum þáttum sem tengjast félagsfærni, s.s. færni í að vera í hóp, koma fram, tjá vilja sinn og hlusta á aðra. Einnig var ákveðið að taka aftur upp markvissa vinnu á öllum deildum með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Ytra mat

Foreldrakönnun fer fram annað hvert ár og niðurstöður foreldrakönnunar voru rýndar fyrir næsta skólaár.

Niðurstöður könnunar sem foreldrar tóku þátt í verða nýttar fyrir næsta skólaár að halda því sem vel er gert og bæta úr því sem ekki kom nægilega vel út. Upplýsingagjöf var strax farið í að bæta og hafa stjórnendur sent örar frá sér pósta foreldrum til upplýsinga og gætt þess að starfsfólk í lok dags fái upplýsingar um hluti sem þarf mögulega að skila til foreldra þegar börnin eru sótt sem dæmi.





Hvað var metið?	
Hvernig fór matið fram?	Rafræn könnun sem lögð var fyrir af SFS
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Foreldrar barna í Jöklaborg svarhlutfall 88,4%
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Þrjú hæstu meðalskor leikskólans voru eftirfarandi: -Líðan og öryggi barns í leikskólanum -Ánægja með samskipti og viðmót starfsfólks við barnið og foreldra. -Starfsfólkið styður barnið í leikskólastarfinu Þrjú lægstu meðalskor leikskólans voru eftirfarandi: -Stjórnun leikskólans og upplýsingagjöf til foreldra. -Aðbúnaður í leikskólanum. -Mat foreldra á starfsanda í leikskólanum.





4 Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026

Þeir þættir sem eru metnir yfir allan leikskólann í heild sinni. Þessir þættir geta verið aðrir eða þeir sömu og eru metnir á deildum. Á deildum erum við að sýna þær leiðir sem hver deild fer miðað við aldur og færni barna .

Einnig skal taka mið af menntastefnu Reykjavíkur, skólanámskrá og þróunarverkefni ef leikskólinn er í slíku.

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að börnin kynnist sáttmálanum
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Einn deildarstjóri hefur yfirumsjón með verkefninu. Hver deildarstjóri aðlagar svo vinnuna miðað við aldur og getu barnanna á sinni deild.
Ábyrgð	Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2025 – júní 2028
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Deildarstjórar funda fjórum sinnum yfir veturinn og meta hvernig vinnan gengur. Viðtal við elstu börnin þar sem þau eru spurð út í ákveðna þætti sem tengjast þessari vinnu.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að tekist hafi að byrja vinnu með fyrirfram ákveðna þætti úr Barnasáttmálanum. Að börnin þekki að vori þau atriði sem unnið var með yfir veturinn





Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Málörvun og læsi
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að öll börn hafi sýnt framfarir í að tjá sig á íslensku eftir veturinn. Eða eftir öðrum leiðum eftir því sem við á.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Skipuleggja markvissa málörvun á öllum deildum í samstarfi við talmeinafræðing frá Suðurmistöð sem mun koma í leikskólann sirka einn dag í mánuði eða tvo hálfa daga í vetur.
Ábyrgð	Sérkennslustjóri og deildarstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2025 – júní 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Meta fyrirfram ákveðna þætti í málþroska barnanna fjórum sinnum yfir veturinn. EFI – 2 og Hljóm - 2
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að sjá megi mælanlegar framfarir hjá barnahópnum frá hausti fram á vor

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Skapandi starf





Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að allir tileinki sér skapandi starf í anda Reggio Emilia með börnunum. Noti opinn efnivið í meiri mæli og hvetji börnin til sjálfstæðra ákvarðana í sköpun sinni.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að allir tileinki sér skapandi starf í anda Reggio Emilia með börnunum. Noti opinn efnivið í meiri mæli og hvetji börnin til sjálfstæðra ákvarðana í sköpun sinni.
Ábyrgð	Leikskólastjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2025 ef vel gengur lýkur því ekki.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Rýnihópur deildarstjóra hittist í janúar og í maí 2026 og ber saman bækur sínar um hvaða árangri varðandi skapandi starf hefur verið náð við það að hafa listasmiðjustjóra til samstarfs einn dag í viku.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að opinn efniviður hafi aukist og börnin fái notið þess sköpunarkrafts sem býr innra með þeim. Að allir starfsmenn viti hvernig þeir eigi að bera sig að varðandi Sköpun með börnum og bæti jafnt og þétt við þekkingu sína.

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	
Umbótapáttur/matspáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Byrja að vinna með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að börnin kynnist sáttmálanum og starsfólk dýpki þekkingu sína á innihaldi hans.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Einn deildarstjóri hefur yfirlit með verkefninu.
Ábyrgð	Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjórar





Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2025 – júní 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Deildarstjórar fundar fjórum sinnum yfir veturinn og metur hvernig vinnan gengur. Viðtal við elstu börnin þar sem þau eru spurð út í ákveðna þætti sem tengjast þessari vinnu.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að tekist hafi að byrja vinnu með fyrirfram ákveðna þætti úr Barnasáttmálanum. Að börnin þekki að vori þau atriði sem unnið var með yfir veturinn





Umbótaáætlun deilda 2025-2026. Hér er fjallað um öll börn leikskólans og þeirra nám og áherslur t. d. menntastefna, skólanámskrá leikskóla. Matið skal taka mið af fjölbreyttum barna hópi, börnum með stuðning, og áherslum leikskólans.

5 Innra mat Hlíðar 2024-2025

Styrkleikar

Samhentur hópur starfsfólks. Skipulag og verkaskipting gekk vel.

Kraftmikill og duglegur barnahópur sem gaman var að vinna með og tók miklum framförum í leik og margir hafa eignast góða vini.

Mikið var sungið á Hlíð í vetur, börnin voru dugleg að taka þátt.

Einnig var mikið lesið fyrir börnin

Lubbastundir voru vikulega og höfðu börnin mjög gaman af þeim

Tækifæri

Félagsfærni – málörvun – skapandi starf

Börnin eru ung og flest að hefja sína leikskólagöngu. Mikilvægt er að þau öðlist öryggi. Það felur í sér að læra að treysta starfsfólkinu og leikskólaumhverfinu. Áhersla er á að börnin læri að vera með hvert öðru og leika sér, skiptast á og taka tillit til hvers annars eins og aldur og þroski leyfir. Hefja vinnu með Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna og Blæ.

Að nýta sjónrænt dagskipulag. Að setja orð á hluti og athafnir í öllum samskiptum við börnin.

Að lesa, syngja, spila, nota „gefðu 10“, vinna með Lubbi finnur málbein og Lærum og leikum með hljóðin

Að bjóða upp á skapandi starf eins oft og hægt er og að börnin geti alltaf fengið liti og blöð.





6 Innra mat Kots 2024-2025

Styrkleikar

Samhentur hópur starfsfólks sem mætti vel og var virkur í starfi.

Mikil áhersla var lögð á málörvun og læsi með því að gefa sér tíma í að spjalla við börnin, nota opnar spurningar, lesa fjölbreytt úrval bóka og spila við börnin

Lubbastund var í hverri viku þar sem áhersla var á einn bókstaf í einu.

Lærum og leikum með hljóðin var mikið notað og orðaforðaplaköt nýttust vel

Hvatning var notuð til að auka sjálfstæði og efla sjálfsmynd barnanna.

Mikil áhersla var á skapandi starf og að börnin hefðu aðgang að fjölbreyttum efniviði.

Tækifæri

Félagsfærni – málörvun og skapandi starf

Hefja markvissa vinnu með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og gera þá vinnu sýnilega

Hefja markvissa vinnu með Blæ

Leggja áherslu á útiveru og hreyfingu með það að markmiði að auka þrek, þol og félagsfærni barnanna.

Leggja enn meiri áherslu á virka hlustun og opnar spurningar í samskiptum við börnin úti og inni

Nota „Gefðu 10“ fyrir þau börn sem þurfa á meiri málörvun að halda.

Halda áfram að leggja áherslu á skapandi starf





7 Innra mat Sels 2024-2025

Styrkleikar

Allt starfsfólkið á deildinni var nýtt í byrjun vetrar og það tók smá tíma að læra að vinna saman.

Hópurinn varð þó samhentur þegar leið á veturinn og samvinnan gekk vel.

Áhersla var lögð á að efla félagsfærni barnanna, sjálfstraust og trú þeirra á eigin getu.

Samverustundir, þar sem er lesið, sungið og spjallað saman, nýttust vel fyrir málörvun og til að efla læsi í viðum skilningi. Börnin læra að hlusta, tjá sig og bíða eftir að röðin komi að þeim. Einnig nýttust lubbastundir vel.

Sköpun er stór hluti af starfinu og fór fram í gegnum listsköpun, leir og mismunandi kubba sem börnin byggðu úr afa miklu kappi.

Tækifæri

Hefja markvissa vinnu með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og gera þá vinnu sýnilega

Hefja markvissa vinnu með Blæ

Að spjalla meira við börnin í öllum aðstæðum í leikskólanum og setja orð á hluti og athafnir. Halda áfram með lubbastundir, nota „Gefðu 10“ fyrir þau börn sem þurfa á meiri málörvun að halda. Nýta orðaforðaplaköt, lesa, syngja og spila sem allra mest.

Halda áfram að leggja áherslu á skapandi starf í mismunandi myndum.





8 Innra mat Hallar 2024-2025

Styrkleikar

Samhentur hópur starfsfólks. Skipulag og verkaskipting gekk vel.

Áhersla er á að bæta félagsfærni barnanna og kenna þeim að taka tillit til hvers annars og hefur það tekist vel í vetur og margir hafa eignast góða vini og árekstrar eru færri

Lubbastund voru vikulega þar sem áhersla var á einn bókstaf í einu og höfðu börnin mjög gaman af.

Skapandi starf fór mest fram í Listasmiðju þegar Höll

Tækifæri

Hefja markvissa vinnu með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og gera þá vinnu sýnilega

Hefja markvissa vinnu með Blæ

Að setja orð á hluti og athafnir í allri vinnu með börnunum í öllum aðstæðum í leikskólanum. Halda áfram með lubbastundir, nota „Gefðu 10“ fyrir þau börn sem þurfa á meiri málörvun að halda. Nýta orðaforðaplaköt, lesa, syngja og spila sem allra mest.

Leggja áherslu á skapandi starf í mismunandi myndum.





9 Innra mat Bóls (Heimaból og Vinaból) 2024-2025

Styrkleikar

Það hefur komið vel út að skipta rýminu í tvær deildir. Mikið samstarf er á milli deildanna og börnin kynnast öll innbyrðis

Góður starfsandi er á Bóli og samhentur starfsmannahópur

Mikil áhersla er lögð á félagsfærni. Að börnin læri að koma vel fram við hvort annað og taki tillit til vilja og skoðana annarra. Og að allir tilheyri hópnum.

Bækur eru lesnar á hverjum degi og töluvert sungið. Lubbastund var vikulega.

Í skapandi starfi eru börnin áhugasöm og tilbúin að leggja vinnu í verkefni sín

Tækifæri

Félagsfærni – málörvun – skapandi starf

Hefja markvissa vinnu með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og gera þá vinnu sýnilega

Setja upp markvissa vinnu með Blæ

Taka aftur upp fimmtudagsfundi þar sem börnin fá tækifæri til að ræða tilfinningar og líðan með hópnum.

Að málörvun verði markviss og sýnileg.

Að börnin fái betri aðgang að efniviði fyrir skapandi starf og geti sem mest bjargað sér sjálf





10 Umbótaáætlun 2024-2025

Kot og Sel. Börn fædd 2021 og 2022	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Málörvun og læsi
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að leggja áfram aukna áherslu á málörvun. Að öll börn geti tjáð vilja sinn með orðum eða með öðrum leiðum og bjargað sér í daglegu lífi í leikskólanum.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Kenna íslenskan orðaforða og setningagerð. Lesa bækur, spila og syngja. Nýta orðaforðaplakötin, Lubbi finnur málbein, Lærum og leikum með hljóðin. En fyrst og fremst að eiga samtál við börnin, leggja inn ný orð og spyrja þau opinna spurninga og styðja við alla tjáningu.
Ábyrgð	Deildarstjóri og allt starfsfólk
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Að hausti og út skólaárið
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Málþroskaskimunin Efi – 2 gefur vísbendingu um stöðu málþroska barna á ákveðnu aldursbili þeirra sem fædd eru árið 2021-2022. Skrá niður að hausti hvort börnin tjái sig með orðum og myndi setningar. Hvort þau geti tjáð vilja sinn, svarað spurningum og átt samskipti við önnur börn og fullorðna. Endurtaka að vori.

Kot og Sel. Börn fædd 2021 og 2022	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Skapandi starf
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að leggja mikla áherslu á skapandi starf í anda Reggio Emilia. Hugsa meira um ferlið en útkomuna og að skapandi starf getur falið í sér margvíslega hluti.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Hvetja börnin til að skapa og búa til úr öllum efnivið sem þau hafa aðgang að.
Ábyrgð	Listasmiðjustjóri ,deildarstjórar og starfsfólk deilda





Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Allt skólaárið
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Skráning. T.d. að merkja við hvaða börn koma í Listasmiðju til að tryggja að öll börn fái tækifæri til að taka þátt í skapandi starfi á sínum forsendum. Myndir

Ból Heimaból og Vinaból Börn fædd 2020 og 2021

Umbótapáttur/matspáttur	Málörvun og læsi
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að auka orðaforða barnanna.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Lesi bækur með krefjandi texta og læra fleiri söngtexta. Hvetja þau til að skrifa sem sýna því áhuga. Leika með orðin segja gátur ofl.
Ábyrgð	Allt starfsfólk og deildarstjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Að hausti og út skólaárið
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Hljóm-2 skimun er lögð fyrir þau börn sem eru í elsta árgangi skólans. Hljóm-2 metur hljóðkerfis og málvitund barnanna

Ból Heimaból og Vinaból Börn fædd 2020 og 2021

Umbótapáttur/matspáttur	Skapandi starf
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Hvetja þau til að nota ímyndunaraflið sitt og prófa sig áfram í skapandi starfi.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Hafa allan opinn efnivið aðgengilegan börnunum.





Ábyrgð	Allir starfsmenn, deildarstjóri og Listasmiðjustjóri.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Allt skólaárið
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Á deildarfundum og taka myndir reglulega af því sem þau eru að gera.

Hlíð Börn fædd 2023 og 2024	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Málörvun og læsi
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að leggja áfram aukna áherslu á málörvun. Að öll börn geti tjáð vilja sinn með orðum eða með öðrum leiðum og bjargað sér í daglegu lífi í leikskólanum.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Kenna íslenskan orðaforða og setningagerð. Lesa bækur, spila og syngja. Nýta orðaforðaplakötin, Lubbi finnur málbein, Lærum og leikum með hljóðin. En fyrst og fremst að eiga samtál við börnin, leggja inn ný orð og spyrja þau opinna spurninga og styðja við alla tjáningu.
Ábyrgð	Deildarstjóri og allt starfsfólk
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Að hausti og út skólaárið
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Málþroskaskimunin Efi – 2 gefur vísbendingu um stöðu málþroska barna á ákveðnu aldursbili þeirra sem fædd eru árið 2021-2022. Skrá niður að hausti hvort börnin tjái sig með orðum og myndi setningar. Hvort þau geti tjáð vilja sinn, svarað spurningum og átt samskipti við önnur börn og fullorðna. Endurtaka að vori.





Hlíð Börn fædd 2023 og 2024	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Skapandi starf
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að börnin kynnist efnivið og fái að snerta og skoða.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Hvetja börn til að leika og snerta opinn efni við blautan sem þurran. Gefa þeim tíma til að rannsaka og skoða
Ábyrgð	Listasmiðjustjóri ,deildarstjórar og starfsfólk deilda
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Allt skólaárið
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Skráning. T.d. að merkja við hvaða börn koma í Listasmiðju til að tryggja að öll börn fái tækifæri til að taka þátt í skapandi starfi á sínum forsendum. Myndir

Deild/aldur barna	Allar deildir
Umbótaþáttur/matsþáttur	Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að byrja að vinna með Barnasáttmálann. Að börnin kynnist sáttmálanum og hvað hann felur í sér.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Einn deildarstjóri hefur umsjón með verkefninu. Hver deildarstjóri útfærir verkefnið með tilliti til aldurs barnanna á hverri deild.
Ábyrgð	Deildarstjórar og allt starfsfólk
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Að hausti og út skólaárið
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Taka viðtöl við börn að vori og skoða hvort þau hafi tileinkað sér þau atriði sem lagt var upp með. Skoða leik barnanna





11 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans.

Gróf áætlun um fræðslu og starfsþróun fyrir starfsmannahópinn veturinn 2025-2026

- Stefnt var að því að hafa tvö starfsþróunarsamtöl við hvern starfsmann á skólaárinu. Allir fengu eitt viðtal. Við stefnum aftur á að hafa þau tvö á næsta skólaári í október og í apríl. Deildarfundir eru aðra hverja viku hjá hverri deild Stjórnendateymisfundir í Jöklaborg eru einu sinni í viku í klukkutíma í senn. Á þann fund koma stjórnendur skólans Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri og deildarstjórar.
- Símenntun fer fram í formi fyrirlestra og námskeiða sem oftast tengist skipulagsdögum. Framundan er fræðsla í tengslum við áherslupætti næsta skólaárs, læsi, sköpun og Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna.

12 Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva stutt um hvernig samstarfi er háttað annars vísað í skólanámskrá leikskólans.

Samstarf þessara aðila er með þessum hefðbundna hætti skólaárið 2025-2026

- September: Skólastjórar hittast á samráðsfundi.
 - Deildarstjórar elstu barna og umsjónarkennarar 1.bekkjar grunnskólanna hittast og græða komandi skólaár. Þeir fara yfir hvernig skólaheimsóknir gengu og þær endurmetnar. Einnig er farið yfir komandi samstarf á nýju skólaári.
- Október: Gamli leikskólanemendur koma í heimsókn til okkar frá Seljaskóla.
- Nóvember: heimsóknir elstu barnanna í grunnskólana.
 - Nemendur úr 7.bekk koma og lesa fyrir börnin í leikskólanum á Degi íslenskrar tungu.
- Febrúar: Elstu börnin fara í heimsókn tvö í grunnskólana.
- Mars: Skólastjórnendur hittast til að ákveða sameiginlega skipulagsdaga fyrir skólaárið 2026-2027.
- Maí: Elstu börnin fara í heimsókn þrjú í grunnskólana.
- Júní: Leikskólinn skilar gögnum varðandi börnin í grunnskólana.
- Frístundaheimilið er heimsótt einu sinni að vori.





13 Foreldrasamvinna

Sérstakar áherslur í foreldrasamvinnu á komandi ári.

Þátttökuaðlögun gafst mjög vel síðustu tvö árin og er hún komin til að vera. Nýir foreldrar fá aðlögunaráætlun senda áður en þau byrja ásamt foreldrahandbók sem inniheldur miklar upplýsingar um starfið í Jöklaborg ásamt praktískum upplýsingum. Foreldrar barna í aðlögun munu fara á fund með leikskólastjóra í hádegi á þriðja degi aðlögunar um skólastarfið. Þar fylla foreldrar einnig út aðlögunar pappíra og skila þeim undirrituðum.

Tölvupóstar fara reglulega til foreldra frá deildum alla eða annan hvern föstudag. Frá leikskólastjóra eftir þörfum hverju sinni.

Foreldrasamtöl eru einu sinni á ári eftir áramót og að auki sirka þremur vikum eftir að barn lýkur aðlögun.

Foreldrum er boðið á ýmsa viðburði í leikskólanum svo sem aðventukaffi, konukaffi og karlakaffi. Foreldrafélagið sér um sumarhátíð þar sem þau kaupa ýmis skemmtiatriði og húllumhæ er mikið þann dag höfum við haft opið hús í leiðinni. Á þessa viðburði er ávallt góð mæting og gleði við völd.

Í Foreldrafélaginu er einn fulltrúi frá hverri deild. Foreldrafélagið kemur að jólaskemmtun, sumarhátíð eins og áður sagði, öskudegi og fleiri viðburðum sem er mismunandi milli ára. Þau skipuleggja einnig sveitaferð fyrir utan opnunartíma leikskólans. Foreldraráð skipa fjórir fulltrúar. Gott samstarf er við alla fulltrúa og hefur verið mikill stuðningur frá þeim í gegnum tíðina og gott samstarf. Þessum tveimur ráðum þökkum við frábært samstarf í vetur.





14 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar skólaársins 2025-2026 verða eftirfarandi

2025

29.september Sameiginlegur leik og grunnskólum í Seljahverfi.

31.október

21.nóvember Sameiginlegur leik og grunnskólum í Seljahverfi.

2026

16.janúar

16.mars. Sameiginlegur leik og grunnskólum í Seljahverfi.

05.júní

15 Fylgiskjöl

F. h. leikskólans Jöklaborgar

Ásta Kristín Svavarsdóttir

Leikskólastjóri

15.september 2025

Dagsetning





Fylgiskjal

Starfsáætlun 2024 – 2025 Nafn leikskóla

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

XXXXX XXXXX
XXXXX XXXXXXXX
XXXXX XXXXXXXX





Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?

Fulltrúar í foreldraráði:

Undirskrift fulltrúa í foreldraráði





Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu

Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.





Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.







Leikskóladagatal 2025 - 2026

Nafn leikskóla:

Jöklaborg

ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚÁR		FEBRÚÁR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ		JÚLÍ	
1 F		1 M		1 M		1 L		1 M	Fullveldisdagurinn	1 F	Nýársdagur	1 S		1 S		1 M	Skráningardagar	1 F	Verkalýðsdagurinn	1 M		1 M	
2 L		2 Þ		2 F		2 S		2 Þ		2 F		2 M		2 M		2 F	Skírdagur	2 L		2 Þ	Útskriftarferð	2 F	
3 S		3 M		3 F		3 M		3 M		3 L		3 Þ		3 Þ		3 F	Föstudagurinn langi	3 S		3 M	Útskrift	3 F	
4 M	Fridagur verslunarmarkaðs	4 F		4 L		4 Þ		4 F		4 S		4 M		4 M		4 L		4 M		4 F		4 L	
5 Þ		5 F		5 S		5 M		5 F		5 M		5 F		5 F		5 S	Páskadagur	5 Þ		5 F	Starfsdagur	5 S	
6 M		6 L		6 M		6 F		6 L		6 Þ	Þrettándinn	6 F	Dagur leikskólans	6 F		6 M	Annar í Páskum	6 M		6 L		6 M	
7 F		7 S		7 Þ		7 F	Grænn dagur	7 S		7 M		7 L	Dagur tónlistarskólans	7 L		7 Þ		7 F		7 S	Sjómanna dagurinn	7 Þ	
8 F		8 M	Dagur læsis	8 M		8 L	Baráttudagur gegn einelti.	8 M		8 F		8 S		8 S		8 M		8 F		8 M	Þjóðhátíðarvika	8 M	
9 L		9 Þ		9 F		9 S		9 Þ		9 F		9 M		9 M		9 F		9 L		9 Þ		9 F	
10 S		10 M		10 F		10 M		10 M		10 L		10 Þ		10 Þ		10 F		10 S		10 M		10 F	
11 M		11 F		11 L		11 Þ		11 F		11 S		11 M	Dagur íslenska táknmálsins	11 M		11 L		11 M		11 F		11 L	
12 Þ		12 F		12 S		12 M		12 F	Aðventustund Kot	12 M	Búningagerð fyrir öskudag hefst	12 F		12 F		12 S		12 Þ		12 F		12 S	
13 M		13 L		13 M		13 F		13 L		13 Þ		13 F		13 F		13 M		13 M		13 L		13 M	Sumarlögun
14 F		14 S		14 Þ		14 F		14 S		14 M		14 L		14 L	Dagur stærðfræðinnar	14 Þ		14 F	Uppstigningardagur	14 S		14 Þ	13.júlí til
15 F		15 M		15 M		15 L		15 M	Aðventustund Hlið	15 F		15 S		15 S		15 M		15 F		15 M		15 M	og með 11.ágúst
16 L		16 Þ	Dagur íslenskrar náttúru	16 F		16 S	Dagur íslenskrar tungu	16 Þ	Aðventustund Höll Leiksyning í sal	16 F	Starfsdagur	16 M	Bolludagur	16 M	Starfsdagur	16 F		16 L		16 Þ	Sumarhátíð Foreldrafélagsins	16 F	
17 S		17 M		17 F		17 M		17 M	Aðventustund Sel	17 L		17 Þ	Sprengidagur	17 Þ		17 F		17 S		17 M	Lýðveldisdagurinn	17 F	
18 M		18 F		18 L		18 Þ		18 F	Aðventustund Bóls Jólabball & hátíðarmatur ?	18 S		18 M	Öskudagur	18 M		18 L		18 M		18 F		18 L	
19 Þ		19 F		19 S		19 M		19 F		19 M	Foreldrasamtöl hefjast	19 F	Skráningardagar	19 F		19 S		19 Þ		19 F		19 S	
20 M		20 L		20 M		20 F	Dag. mannréttinda barna	20 L		20 Þ		20 F	Skráningardagar	20 F		20 M		20 M		20 L		20 M	
21 F		21 S		21 Þ		21 F	Starfsdagur	21 S		21 M		21 L		21 L		21 Þ		21 F		21 S		21 Þ	
22 F	Skólasetning grunnskóla	22 M		22 M		22 L		22 M		22 F		22 S	Konudagur - upphaf	22 S		22 M		22 F	Umhverfis dagur	22 M	Tjaldavika	22 M	
23 L		23 Þ		23 F	Bleikur dagur	23 S		23 Þ	Þorláksmessa	23 F	Bóndadagur - upphaf Þorra	23 M		23 M		23 F	Sumardagurinn fyrsti	23 L		23 Þ		23 F	
24 S		24 M		24 F	Skráningardagur	24 M	Piparkökubakstur	24 M	Aðfangadagur jóla	24 L		24 Þ		24 Þ		24 F		24 S	Hvítasunnudagur	24 M		24 F	
25 M		25 F		25 L	Fyrsti vetrardagur	25 Þ		25 F	Jóladagur	25 S		25 M		25 M		25 L		25 M	Annar í Hvítasunnu	25 F		25 L	
26 Þ		26 F	Evrópski tungumálad.	26 S		26 M		26 F	Annar í jólum	26 M		26 F		26 F		26 S		26 Þ	Vatns og Visindavika	26 F		26 S	
27 M		27 L		27 M	Skráningardagur	27 F		27 L		27 Þ		27 F		27 F	Gulur dagur	27 M		27 M		27 L		27 M	
28 F		28 S		28 Þ	Skráningardagur	28 F		28 S		28 M		28 L		28 L		28 Þ		28 F		28 S		28 Þ	
29 F		29 M	Starfsdagur	29 M		29 L		29 M	Skráningardagur	29 F				29 S	Pálmásunnudagur	29 M		29 F		29 M		29 M	
30 L		30 Þ		30 F	Bangsá & Búningadagur	30 S		30 Þ	Skráningardagur	30 F				30 M	Skráningardagur	30 F		30 L		30 Þ		30 F	
31 S				31 F	Starfsdagur			31 M	Gamlársdagur	31 L				31 Þ	Skráningardagur			31 S				31 F	

Í reglum um leikskólaþjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Skráningardagar í leikskólum eru tíu og gjöld lækkuð vegna þeirra. Foreldrar sem þurfa vistun þessa daga sækja sérstaklega um það og greiða þá fyrir þá daga. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfellt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.